

**Barnaheill
Reykjavík**

Alþingi
Erindi nr. *p* 122/1978
komudagur 24.4.198

Reykjavík, 20. apríl 1998.

Alþingi
Allsherjarnefnd
150 Reykjavík.

nefndasvid@althingi.is

Efni: Athugasemdir við tvö lagafrumvörp

Allsherjarnefnd Alþingis hefur með bréfum, dagsettu 20. febrúar 1998 og 16. mars 1998, sent Barnaheillum eftirgreind lagafrumvörp til umsagnar:

1. Frumvarp til laga um almenn hegningarlög, 451. mál, kynferðisafbrot gegn börnum.
2. Frumvarp til laga um almenn hegningarlög, 521. mál, fyrning sakar.

Um 1.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga er varða kynferðisbrot gegn börnum. Í fyrsta lagi er lagt til að fyrningarfrestur varðandi kynferðisbrot gegn börnum skv. 200., 201. og 202. gr. hefjist ekki fyrr en þolandi brots hefur náð sjálfræðisaldri, þ.e. náð 18 ára aldri. Í öðru lagi er lagt til að mælt verði fyrir um eins árs lágmarksrefsingu og ítrekunarheimild vegna brota á 202. gr. almennra hegningarlaga.

Barnaheill telur vera fulla ástæðu til að breyta lagákvæðum um fyrningu sakar vegna kynferðisbrota gegn börnum. Þessi alvarlegu mál koma oft ekki upp á yfirborðið fyrr en löngu eftir að brota eiga sér stað og kunna þá mál að vera fyrnd skv. núgildandi lögum. Barnaheill lýsir sérstaklega yfir stuðningi sínum við það að miða upphaf fyrningarfrests við sjálfræðisaldur (18 ára), en frumvarp þetta gengur að því leytinu til lengra en lagafrumvarp nr. 521, sem gerir ráð fyrir að fyrningarfrestur vegna brota skv. 194.-202. gr. teljist ekki fyrr en frá 14 ára aldri.

Almennt lýsir Barnaheill yfir stuðningi við þyngingu refsinga vegna kynferðisbrota gegn börnum. Í lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir refsilágmarki, eins árs fangelsi, fyrir brot gegn fyrri málslíð 202. gr. Það vekur hins vegar athygli að refsilágmarkið er aðeins lagt til hvað varðar 202. gr., en ekki þau lagaákvæði sem lýsa refsiverð kynferðisbrot gegn barni, niðja, kjörbarni, stjúpbarni, fósturbarni, sambúðarbarni, eða barni sem viðkomandi hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis. Þau rök sem fram koma í greinargerð, að það geti verið hætta á að fólk veigri sér við því að kæra brot gegn niðjum og börnum í umsjá brotamanns, ef ljóst er að refsing er að lágmarki

eins árs fangelsis, eru ekki sannfærandi. Það er eins líklegt að allt aðrar ástæður séu fyrir því að slík brot eru ekki kærð. Þá verður að telja vafasamt að ólöglært fólk sé meðvitað um hluti eins og refsiramma, refsilágmark og refsihámark. Telur Barnaheill eðlilegt að ef lögfest verði lagaákvæði um refsilágmark þá taki það einnig til kynferðisbrota gegn niðjum og börnum í umsjá brotamanns.

Það vekur nokkra furðu Barnaheilla að refsiramminn í sífjaspellsbrotum skv. 200. og 201. gr. er 6-10 ár á meðan hann er 12 ár skv. 202. gr. Engin umfjöllun er um þetta í lagafrumvarpinu og því ekki gert ráð fyrir að leiðrétta þetta ósamræmi.

Að mati Barnaheilla getur verið ákveðinn annmarki á því að festa refsilágmark í lög. Þau tilvik geta komið upp þar sem lágmarksrefsing er of há. Er hér fyrst og fremst höfð í huga aðstæður þar sem brotamaður er sjálfur barn. Börn 15 ára og eldri eru sakhæf skv. íslenskum refsilögum. Refsing fyrir kynferðismök sem 15 ára barn ætti við tæplega 14 ára barn myndi samkvæmt frumvarpinu varða að lágmarki eins árs fangelsi. Í þessu tilviki getur lágmarksrefsing verið allt of há. Ekki er tekið á því í frumvarpinu eða um það fjallað hvernig með skuli fara við aðstæður þar sem lágmarksrefsing kann að vera of há, t.d. vegna ungs aldurs brotamanns.

Um 2.

Þetta frumvarp til laga um almenn hegningarlög, 521. mál, gerir ráð fyrir því að fyrningarfrestur vegna kynferðisbrota gegn börnum skv. 194.-202. gr. laganna teljist aldrei fyrr en frá þeim degi sem barnið nær 14 ára aldri. Í þessu frumvarpi er því gengið skemmra en í frumvarpinu sem fjallað er um í tl. 1 hér að framan, en það gerir eins og áður sagði ráð fyrir því að miða upphaf fyrningarfrests við sjálfræðisaldur (18 ára) vegna brota á 200., 201. og 202. gr. alm. hgl. Barnaheill lýsir yfir stuðningi sínum við því að lengja fyrningarfrest vegna brota gegn börnum. Barnaheill telur hins vegar eðlilegra að miða upphaf frestins við sjálfræðisaldur. Í því sambandi má benda á að ef miðað er við 14 ára aldur og fyrningarfrestur er 5 ár, svo dæmi sé tekið, þá er brotapolí aðeins 19 ára þegar brot fyrnist. Oft er brotamaður fjölskyldumeðlimur, jafnvel foreldri, og því kann brotapolí að eiga takmarkaða möguleika á að kæra afbrotið á meðan hann býr á heimilinu í nálægð við brotamann. Barnaheill hallast því frekar að því að miða upphaf sakarfyrningarfrests við sjálfræðisaldur, a.m.k. hvað varðar brot gegn 200., 201., og 202. gr. laganna.

Barnaheill ítrekar mikilvægi þess að börn séu eins og kostur er vernduð gegn hverskonar misbeitingu og fagnar lagafrumvörpum sem ganga í þá átt.

F.h. Barnaheilla

Kristín Jónasdóttir, framkvæmdastjóri.